

Sp. 35. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]
um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson,
Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð :

Tillaga þessi hefur verið flutt á þremur undanförunum þingum, enn ekki náð fram að ganga.

Landfundir Íslendinga í Vesturheimi eru tvímælalaust sögulegasta afrek íslenzkra siglingamanna. Það er ekki aðeins skylda Íslendinga að sjá um, að þetta afrek verði viðurkennt og metið sem skyldi, heldur og að það verði ekki ranglega eignað öðrum.

Það er mikilsverður atburður í þessum málum, að þing Bandaríkjanna hefur nýlega gert 9. október ár hvert að sérstökum fánadegi til minningar um, að Leifur Eiríksson hafi fyrstur Evrópumanna fundið Ameríku. Með því hefur það verið staðfest enn rækilegar en áður, að frásagnir íslenzkra fornrita um landfundi Íslendinga í Vesturheimi hafi við full rök að styðjast.

Margt er hins vegar enn eftir órannsakað í þessu sambandi. Enn eru stór landssvæði vestanhafs lítt eða ekkert rannsökuð, þar sem líklegt er, að finna megi frekari minjar um siglingar og landnám Íslendinga en þær, sem Helge Ingstad hefur fundið á Nýfundnalandi. Íslendingar eiga að hafa frumkvæði um þessar rannsóknir, en eðlilegt er að leita eftir samvinnu við þær ríkisstjórnir, sem hér eiga hlut að máli. Án efa yrði slíkri málaleitun vel tekið. Hér strandir því ekki á öðrum en Íslendingum, að hafizt sé handa.